

# Sjóvá Almennar tryggingar hf.

## SAMNINGUR UM TJÓNAMAT OG VIÐGERÐIR Á ÖKUTÆKJUM

### 1. SAMNINGSADILAR

#### Verkkaupi:

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.  
Kt. 650909-1270  
Kringlunni 5  
103 Reykjavík  
cabas@sjova.is  
Sími: 440 2060

#### Verksali:

### 2. MEGINEFNI SAMNINGS

Með samningi þessum er verksala heimilað að taka á móti viðskiptavinum/tjónþolum og framkvæma tjónamat í nafni verkkaupa sem þjónustuaðili vegna ökutækjatjóna. Með tjónþola er í samningi þessum átt við rétthafa tjónabóta. Samningur þessi skilgreinir réttindi og skyldur samningsaðila og fyrirkomulag þjónustu.

Samningsaðilar sammælast um eftirfarandi samningsmarkmið.

- Veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu.
- Faglegar viðgerðir og gæði í samræmi við leiðbeiningar bílaframleiðanda.
- Viðskiptavinir/tjónþolar standi jafnfætis fyrir og eftir tjón.
- Lágmarka tjónakostnað.
- Stuðla að framþróun málningar- og réttingarverkstæða.
- Viðskipti milli samningsaðila gangi fyrir sig á öruggan og hagkvæman hátt.

Verkkaupi og verksali skulu tilnefna tengiliði sem fulltrúa hvors samningsaðila um sig sem tekið geta bindandi ákvarðanir fyrir þá.

Við þennan samning er viðauki, merktur nr. I, sem eru tæknilegar kröfur (stjórnuflokkun Sjóvá) sem verkkaupi gerir til þeirra verkstæða sem eru samningshafar við verksala. Þessi viðauki myndar hluta þessa samnings.

Við þennan samning er viðauki, merktur nr. II sem er umsamin gjaldskrá vegna þeirra verka og þjónustu sem samningur þessi tekur til. Þessi viðauki myndar hluta þessa samnings.

### 3. ÁBYRGÐ OG SKYLDUR VERKKAUPA

Verkkaupi veitir verksala rétt til að framkvæma tjónamat fyrir sína hönd. Verkkaupi hefur alltaf rétt á að fá annað tjónamat eða hafna tjónamati.

Verkkaupi ábyrgist að halda við opinberum leyfum til að reka ökutækjategyggingar á Íslandi.

Verkkaupi veitir stuðning við fræðslu fyrir starfsmenn verksala um frágang tjónstilkynninga og meðhöndlun þeirra.

Verkkaupi útvegar verksala aðgang að CABAS tjónamatskerfinu og sér til þess að verksali hafi möguleika á að sækja námskeið í notkun CABAS.

Verkkaupi ábyrgist að hafa til starfa starfsfólk með reynslu og þekkingu á tjónaviðgerðum og Cabas tjónamatskerfinu.

Verkkaupi veitir verksala nauðsynlegar upplýsingar um tjón.

# Sjóvá Almennar tryggingar hf.

## SAMNINGUR UM TJÓNAMAT OG VIÐGERÐIR Á ÖKUTÆKJUM

### 4. ÁBYRGÐ OG SKYLDUR VERKSALA

Verksali skal fylgja ákvæðum laga og reglugerða, s.s. um umhverfispætti, vera með starfsleyfi heilbrigðiseftirlits og uppfylla kröfur Vinnueftirlitsins.

Verksali ábyrgist að þeir sem umsjón hafi með verki fyrir hans hönd hafi réttindi í starfsgreinum bíliðna.

Verksali ábyrgist að umsamin viðgerð sé unnin á faglegan hátt með góðum viðteknum vinnubrögðum.

Standi verksali ekki við samþykktá tímaáætlun um verklok viðgerðar og afhendingu ökutækis skal verksali greiða þann aukakostnað sem tjónþoli eða verkkaupi verður fyrir vegna þessa. Verksali er skyldugur að bæta það tjón sem hann kann að valda verkkaupa eða tjónþola.

Verksali er ábyrgur gagnvart tjónþola og þriðja aðila samkvæmt gildandi lögum um neytendavernd. Séu gallar á verkinu skal verksali tafarlaust bæta úr gallanum án kostnaðarauka fyrir tjónþola eða verkkaupa.

Verksali skal hafa frjálsa ábyrgðartryggingu sem bætir tjón á eigum annarra í vörslu verksala (viðtæk vernd) og verksali skal láta verkkaupa í té afrit váttryggingarskírteinis því til staðfestu sé þess óskað.

### 5. VERKLAGSREGLUR

Verksali skuldbindur sig til að fylgja CABAS tjónamatskerfinu (hér eftir nefnt CABAS) og gera tjónamöt í CABAS. Starfsmenn verksala skulu hafa hlotið þjálfun í notkun CABAS. Tjónamöt unnin í CABAS skulu vera greiðslugrunnur (CABAS einingar) fyrir reikningagerð til verkkaupa. Ef verksali er ekki með Cabas kerfið skal verksali senda myndir af tjóni á okutjon@sjova.is og fá beiðni fyrir verki áður það er framkvæmt.

Verk- og efnisliðir í tjónamati skulu vera án virðisaukaskatts og virðisaukaskattur reiknaður sem samtala neðst á tjónamati og reikning.

Verksali tekur á móti tjónstilkynningum og öðrum upplýsingum vegna tjónsins sem nauðsynlegar eru frá tjónþolum og kemur þeim til verkkaupa til ákvörðunar um bótaskyldu verkkaupa vegna tjónsins ef þessar upplýsingar hafa ekki borist verkkaupa.

Tjónþoli pantar þjónustu og er verk ávallt unnið í hans nafni. Það gildir einnig þegar verkkaupi, samkvæmt váttryggingarskilmálum, sér um samskipti við verksala fyrir tjónþola og tjónþoli fær bifreið viðgerða eftir tjón. Verkkaupi borgar viðgerðarkostnað beint til verksala, eftir að viðgerð líkur, sem samsvarar kostnaðinum fyrir viðgerðina að frádreginni eigináhættu tjónþola ef við á. Verksali skal innheimta eigináhættu ef við á nema að verkkaupi hafi formlega staðfest annað.

Þegar liggur fyrir staðfesting á að verkkaupi hafi skráð tjón má verksali framkvæma tjónamat og senda til verkkaupa. Verkkaupi getur samþykkt eða hafnað tjónamatinu. Staðfesting á bótaskyldu verkkaupa þarf að liggja fyrir til að tjónamat verði samþykkt auk þess að tjónamat þarf að endurspegla umfang tjónsins.

Samþykkt tjónamat frá verkkaupa þarf að liggja fyrir áður en verksali hefur viðgerð. Ef verksali hefur tjónaviðgerð án samþykks tjónamats er það á ábyrgð verksala. Verksali er ætíð skuldbundinn til að tilkynna verkkaupa tafarlaust um öll frávík sem verða frá áður samþykktu tjónamati.

Verksali skal ætíð velja bestu viðgerðaraðferð út frá kostnaðarsjónarmiði, þó án þess að slá af öryggiskröfum.

# Sjóvá Almennar tryggingar hf.

## SAMNINGUR UM TJÓNAMAT OG VIÐGERÐIR Á ÖKUTÆKJUM

Verksali skal útvega allt efni vegna viðgerðarinnar ef ekki er um annað samið.

Verksali skal upplýsa tjónþola um framgang viðgerðarinnar og um varahlutanotkun eins og tjónþoli óskar eftir.

### Tjónamat

Verksali skuldbindur sig til að gera tjónamöt í CABAS tjónamatskerfinu og fylgja uppbyggingu kerfisins sem og samþykktum ágreiningsnefndar ABÍ við gerð tjónamata. Starfsmenn verksala skulu hafa hlotið þjálfun í notkun Cabas tjónamatskerfisins. Almenn verkstæði geta fengið undanþágu frá að nota Cabas kerfið gegn því að fá beiðni fyrir hverju einstöku verki.

Verksali skal gera tjónamat (frumskoðun) sem sýnir umfang tjónsins og er tilboð í viðgerð ökutækis. Verkkaupi greiðir ekki sérstaklega fyrir tjónamat ökutækis. Óski verkkaupi eftir ítarlegra tjónamati en frumskoðun skal verkkaupi greiða fyrir þá vinnu í samræmi við þann tíma sem fer í tjónamatið hjá verksala en þó í samráði við verkkaupa.

Ef forsendur og umfang viðgerðar breytast skal verksali senda verkkaupa annað tjónamat því til samþykkis. Að viðgerð lokinn og ef umfang viðgerðar hefur breyst frá síðasta samþykktu tjónamati skal verksali senda verkkaupa lokaskoðun til samþykkis.

Verksali skal skrá eftirfarandi upplýsingar í tjónamatið:

- Nafn, kennitölu og símanúmer umráðamanns ökutækis.
- Bílnúmer og nákvæma km. stöðu við skoðun ásamt skoðunardegi.
- Viðgerðartíma, hvenær áætlað er að viðgerð hefjist og verði lokið.
- Gerð og tegund ökutækis, eða athugasemd ef viðkomandi tegund er ekki til í CABAS tjónamatskerfinu.
- Tjónsnúmer þegar það liggur fyrir.
- Tæknistjóra verksala og/eða nafn þess sem gerir tjónamatið.
- Verkliði sem unnir eru við tjónið. Ef settir eru í tjónamat verkliðir sem ekki eru hluti af Cabas tjónamatskerfinu (innsettar einingar) skal hafa skriflegar skýringar á þeim.
- Lista yfir þá varahluti sem verksali telur þurfa að skipta um í tengslum við viðgerð.
- Hvort um sé að ræða frum- eða lokaskoðun.
- Taka skýrar myndir af öllu ökutækinu (horn í horn).
- Aðkeypta þjónustu ef nokkur.
- Í lokaskoðun skal skrá upplýsingar um endanlegt verð þeirra varahluta sem skipt var um í tengslum við viðgerð.

Öll frávik frá CABAS og samþykktum Cabas- og ágreiningsnefndar ABÍ í tjónamati þurfa samþykki verkkaupa. Verkkaupi hefur heimild til að hafna tjónamati telji hann það ekki í samræmi við samning eða ekki í samræmi við umfang tjónsins.

### Viðgerðir

Viðgerðir skulu unnar á faglegan hátt með góðum viðteknum vinnubrögðum og í samræmi við viðgerðarleiðbeiningar framleiðanda ökutækis. Í sérhverju tilfelli skal verksali fylgja þeim fyrirmælum sem verkkaupi gefur. Verksali skal ætíð velja heppilegustu viðgerðaraðferð út frá kostnaðarsjónarmiði, þó án þess að slá af öryggiskröfum eða ofangreinds.

Verksali skal hafa fullnægjandi búnað til að framkvæma viðgerðir á þeim tjónum sem hann tekur að sér á faglegan hátt og samkvæmt viðgerðar leiðbeiningum framleiðanda. Hafi verksali ekki fullnægjandi búnað skal verksali segja sig frá verkinu eða sjá til þess að réttur búnaður verði notaður við viðgerðina.

# Sjóvá Almennar tryggingar hf.

## SAMNINGUR UM TJÓNAMAT OG VIÐGERÐIR Á ÖKUTÆKJUM

Verksali skal við rúðutjóna nota viðurkenndar viðgerðaraðferðir og fylgja leiðbeiningum framleiðanda. Efni notuð við rúðutjón skulu skulu vera af viðurkenndri tegund af framleiðanda ökutækis. Ef skemmd á rúðu er með þeim hætti að hagkvæmt er að gera við skemmdina skal verksali upplýsa viðskiptavin um það og í samráði við viðskiptavin láta gera við rúðuna í stað þess að skipta um hana.

### Varahlutir

Verksali skal sjá um varahlutaöflun vegna tjóna nema um annað sér samið sérstaklega við verkkaupa. Verksali skal verðleggja varahluti á sama verði og verksali kaupir þá á, samkvæmt varahlutareikningi og án afsláttar. Verksali gefur verkkaupa afslátt af varahlutum samkvæmt viðauka II með samningi þessum.

Verksali leitar að hagstæðasta varahlutaverði með rekjanlegum hætti.

Noti verksali „aftermarket“ varahluti eða notaða varahluti skal verksali ganga úr skugga um að varahlutir séu sambærilegir að gæðum og sá sem var fyrir í ökutækinu. Notaðir varahlutir skulu ekki vera eldri en árgerð ökutækis nema með skriflegu samþykki eiganda.

### Úttektir

Verksali skal ábyrgjast gæði viðgerðar og að ökutæki verði í sambærilegu ástandi og fyrir tjón. Verksali samþykkir úttekt á viðgerðum ökutækjum eftir tjón. Verksali samþykkir samvinnu við úttektaraðila sem og verkkaupa í sambandi við úttektarskoðanir sem og afhendingu allra ganga sem viðkoma tjóninu og verkkaupi eða úttektaraðili óskar eftir.

## 6. GREIÐSLUR OG GREIÐSLUSKILMÁLAR

Verð fyrir þjónustu verkstæðis eru samkvæmt viðauka II með samningi þessum. Árlega er hægt er að óska eftir endurskoðun á samningsverðum. Greiðsla fer fram eftir framlagningu samþykktra reikninga. Reikningar skulu gerðir eftir á í samræmi við viðurkennd reikningsform. Nauðsynlegt er að samþykkt tjónamat og reikningur sendur verkkaupa stemmi.

Reikning skal stíla á tjónpola nema verkkaupi óski sérstaklega eftir öðru. Á reikningi skulu koma fram verkliðir samkvæmt samþykktri CABAS skoðun, skráningarnúmer ökutækis, tjónsnúmer og kennitala þess sem reikningurinn er stílaður á. Ef verkkaupi sendir leiðbeiningar um uppsetningu reiknings og á hvaða aðila skal stíla reikning skal verksali fara eftir þeim.

Verkkaupi leitast við að greiða reikninga innan uppgefins greiðslufrests verkkaupa í hvert skipti. Greiðslufrestur miðar við dagsetningu reiknings. Ef reikningur stemmir ekki við samþykkt CABAS skoðun er reikningi hafnað nema eðlilegar skýringar berist.

Verkkaupi er ábyrgur fyrir greiðslu á þeim hluta kostnaðar við tjónið, sem fer yfir eigin áhættu tjónpola og hlutakostnað innan bótaskyldu verkkaupa.

Reikningar skulu ekki innihalda virðisaukaskatt þegar tjónpóli er með virðisaukaskattsskyldan rekstur, nema samkomulag um endurgreiðslu nýtanlegs innskatts til verkkaupa liggi fyrir.

Verksali skal veita verkkaupa afrit reikninga fyrir öll keypt aðföng í tengslum við viðgerð s.s. varahluti þegar verkkaupi óskar þess.

## 7. ÓVIÐRÁÐANLEG YTRI ATVIK

Hvorki verksali né verkkaupi eru skaðabótaskyldir vegna tjóns sem rekja má til verkfalls, verkanns, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra orsaka (force majeure).

## 8. GAGNKVÆM ÞAGNARSKYLDA OG TRÚNAÐUR

# Sjóvá Almennar tryggingar hf.

## SAMNINGUR UM TJÓNAMAT OG VIÐGERÐIR Á ÖKUTÆKJUM

Verksali og verkkaupi skuldbinda sig til að gæta þagnarskyldu gagnvart starfsemi hvors annars, verkefnum þeim sem unnin eru, sem og persónulegum högum tjónþola.

### 9. FRAMSAL SAMNINGS

Aðili samnings getur ekki framselt réttindi né skyldur til þriðja aðila án skriflegs samþykkis hins.

### 10. BREYTINGAR OG VIÐAUKAR

Viðauki I inniheldur kröfur verkkaupa til verkstæða.

Viðauki II inniheldur upplýsingar um verð fyrir þjónustu verksala.

Breytingar og viðbætur við þennan samning verða að vera skriflegar og undirritaðar af fulltrúum verkkaupa og verksala. Nægjanlegt er þó að minniháttar túlkunaratriði eða leiðbeiningar komi fram og séu staðfestar í tölvupóstsamskiptum. Heimilt er að víkja frá eða túlka viðauka við samning þennan með gagnkvæmu samþykki í tölvupóstsamskiptum.

### 11. GILDISTÍMI OG UPPSÖGN

Samningur þessi er ótímabundinn með þriggja mánaða uppsagnarfresti miðað við heilan almanaksmánuð. Samningsaðilar skulu leitast við að funda árlega og fara yfir framvindu samnings og bera saman við samningsmarkmið.

Verði verksali gjaldþrota, uppfylli ekki umsamdar kröfur eða vanrækir stórlega skyldur sínar gagnvart verkkaupa eða tjónþola á annan hátt, á verkkaupi rétt á að segja samningnum upp án fyrirvara sbr. ákvæði í viðauka nr. I.

Verksali getur sagt samningi þessum upp án fyrirvara ef verkkaupi vanefnir stórlega ákvæði í samningi þessum eða missir opinber leyfi sín til váttryggingareksturs. Verði samningi sagt upp á verksali rétt á greiðslu fyrir unnið verk. Verksali á ekki rétt á frekari greiðslum eða endurgjaldi. Þau verkefni sem standa yfir skal að beiðni verkkaupa ljúka við samkvæmt gildandi samningi.

### 12. LAGAÁKVÆÐI OG ÁGREININGUR

Réttur og skyldur samningsaðila samkvæmt samningi þessum ákvarðast í heild sinni af íslenskum lögum.

Komi upp ágreiningur vegna þessa samnings og sættir takast ekki skal reka dómsmál fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur.

## **Sjóvá Almennar tryggingar hf.**

### **SAMNINGUR UM TJÓNAMAT OG VIÐGERÐIR Á ÖKUTÆKJUM**

#### **13. Undirritun**

Undirritun hér að neðan staðfestir samning þennan.

Reykjavík, 10. maí 2012

F.h. verkkaupa

F.h. verksala

---

---

---

---

Vitundarvottar:

---

---

# Sjóvá Almennar tryggingar hf.

## SAMNINGUR UM TJÓNAMAT OG VIÐGERÐIR Á ÖKUTÆKJUM

### Viðauki I - gjaldskrá

#### Almennt

Allur annar kostnaður er innifalinn í neðangreindum liðum og ekki er heimilt að reikna fleiri liði eða hærri upphæð en fram kemur í samkomulagi þessu.

#### Gjaldskrá

Númer	Verkliður	Einingaverð án vsk 100 einingar
A	Útsölutaxti á ísetning bílrúða	Kr.
	Rúðuviðgerð fastar einingar.	-
	Þrif á gleri inn í bíl	Kr.
D	Aðkeypt vinna. (Hjólastilling, plastviðgerð)	Samkvæmt reikningi
C	Afsláttur af bílrúðum	
	Föst álagning á notaða varahluti ef ekki afsláttur	

Innifalið í útsöluverði vegna C-liðar, ísetning á bílrúðum, er trygging. Heimilt er að rukka sérstaklega fyrir efniskostað vegna ísetningar, þ.e. sérhæft rúðulím- og hreinsisett af viðurkenndri gerð til rúðuskipta og lista. Verkstæði skal veita Sjóvá sama afslátt af efni og umsaminn afsláttur af bílrúðum. Verkstæði skal ávallt leita hagkvæmustu verða. Akstur er ekki greiddur fyrir bílrúðutjón.